

Ed.

38. Nefndarálit

um frumvarp til laga um heimild handa landsstjórninni til að fyrirskipa fráfærur ásauðar.

Frá landbúnaðarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um, að ekki sje rjett að samþykkja frumvarp það, sem hjer er um að ræða, af eftirfylgjandi ástæðum:

1. Lög, er fyrirskipuðu almennar fráfærur, mundu verða afaróvinsæl, og tvísýnt um, að þeim yrði alstaðar hlýtt, enda sumstaðar lítt eða ekki mögulegt.
2. Almennar fráfærur mundu leiða til þess, að heyafli bænda minkaði víða og yfirleitt, vegna fólksklu; og mundi þá annaðhvort verða að fækka kvikfjenaði og minka þannig bústofninn, eða hann yrði ver trygður en ella. Hugsanlegt er að vísu, að greiða mætti fyrir því, að fólk fengist úr kaupstöðum upp í sveitir til að bæta úr vinnueklunni, sem af fráfærunum leiddi, en þó tæplega til fulls, nema helst með óvinsælum þvingunarráðum; og væri þó vafasamt, hvort sumt af þannig fengnu fólki yrði ekki að minna gagni en svo, að svaraði kostnaði, bæði sökum nauðungarinnar og vankunnáttu við sveitavinnu. Margt af smærri bændum hefði og alls ekki ráð á því, af efnahagsástæðum, að taka kaupafólk, þótt þess væri kostur að öðru leyti; og þeim, er fátt eiga, gera fráfærur þó til-

tölulega mestan vinnuhnekki. — Sumstaðar hagar líka svo til, að ær verða ekki hafðar í heimahögum að sumrinu, svo að þær gangi ekki í engjum og spilli þeim. Og enn má benda á það, að þar, sem við afrjettarlönd liggja að heimahögum og ær hafa gengið með dilka undanfarið, getur mjaltafjárgeymsla orðið lítt framkvæmanleg og afardýr.

3. Nú er megnið af kjöti því, sem út er flutt, dilkakjöt, sem fengið hefir gott orð á erlendum markaði. Af almennum fráfærum mundi leiða, að útflutningskjötið, og yfirleitt það kjöt, sem verslað er með, yrði aðallega kjöt af ljelegum haga-lömbum og mögrum kvíaám, og mundi það að líkindum leiða til stórkostlegrar spillingar á kjötmarkaði landsmanna erlendis.
4. Jafnframt því, að af almennum fráfærum mundi leiða það, að mjög lítið yrði um gott kjöt í landinu, að minsta kosti í bili, mundi og tólgarframleiðsla þverra mjög mikið, og feitmetisframleiðslan yfirleitt vaxa minna en í fljótu bragði sýnist.

Aðalniðurstaða nefndarinnar er því þessi: Að þótt feitmetisframleiðslan mundi að líkindum vaxa nokkuð við þvingaðar, almennar fráfæru, þá sje þó tvísýnt og ólíklegra, að sá munur svaraði til aukins kostnaðar, jafnvel í bili; og að bæltan á því, að slík úrræði leiddu til þverrunar á heyafla landsmanna, sem er aðalundirstaða landbúnaðarins, og til spillingar á kjötmarkaði þeirra erlendis, sje svo stór, að slíkt örþrifaráð sje alls ekki takandi, nema ef til vill því að eins, að allir flutningar til landsins og útflutningar teppist gersamlega. Á hinn bóginn lítur nefndin svo á, að fráfæru geti allviða aukist, til hagsbóta bæði fyrir framleiðendur og aðra, ef vinnukraft vantaði ekki og verð á smjöri yrði í hlutfalli við verð á öðrum vörum. Ræður því nefndin háttvirtri deild til að afgreiða málið með svo hljóðandi

RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:

Í því trausti, að landsstjórnin stuðli að því eftir föngum, að bændur geti fengið sem ódýrastan og hentugastan vinnukraft, til framkvæmdar fráfærum ásauðar, og gefi þeim upphvatningu til þess á annan tiltækilegan hátt, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 27. apríl 1918.

Hjörtur Snorrason,
formaður.

Sigurjón Friðjónsson,
skrifari og framsögumaður.

Guðm. Ólafsson.